

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

1. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Úthlíðar, Kóngsvegur 26 og 26a.*
Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir nýrri 2.639 m² lóð, nr. 26a við Kóngsveg, þar sem heimilt verður að reisa allt að 165 m² gistihús. Einnig breytist lóð nr. 26 úr íbúðarhúsalóð í gistihúsalóð.
Samþykkt í sveitarstjórn 7. apríl 2011.
2. *Breyting á deiliskipulagi fyrir Árbúðir á Kili.*
Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir byggingarreit fyrir nýjum allt að 100 m² skála rétt norðanvestan við núverandi sæluhús.
Samþykkt í byggðarráði 23. júní 2011.
3. *Breyting á deiliskipulagi Ásahverfis í landi Fells.*
Í breytingunni felst að Skógarás 17 minnkar úr 6.000 m² í 5.000 m² og Skógarás 19 stækkar úr 6.000 m² í 7.000 m².
Samþykkt í byggðarráði 23. júní 2011.
4. *Breyting á deiliskipulagi í landi Efri-Reykja, Reykjavegur 10 og 12.*
Í breytingunni felst að lóðir nr. 10 og 12 við Reykjaveg verða sameinaðar í eina lóð, lóð nr. 10. Reykjavegur 10 verður þá 4.625 m² að stærð eftir sameininguna.
Samþykkt í byggðarráði 23. júní 2011.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 4. júlí 2011.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.